



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

© (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Alþingi- Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2008
Tilvísun: UST20080500053/tb

Efni: Frumvarp til laga um fiskeldi

Vísað er í bréf frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis, dags. 9. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um fiskeldi, 530. mál, heildarlög.


Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreint frumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir:

- **3. gr. Skilgreiningar:** Að mati Umhverfisstofnunar vantar skilgreiningu á hugtakinu vistfræðileg áhrif í 3. gr. frumvarpsins. Í 6. gr. segir m.a.:og hlifa þeim við *fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum* ...Í greinargerð með 6.gr. segir: *Með neikvæðum vistfræðiáhrifum í skilningi 2. mgr. frumvarpsgreinarinnar og annars staðar þar sem hugtakið kemur fyrir í frumvarpi þessu er m.a. átt við erfðablöndun.* Þessa skilgreiningu má vel nota að hluta til að skilgreina vistfræðileg áhrif.
- **5. gr. Svæðaskipting fiskeldis:** Í greininni er ekki gert ráð fyrir beinni aðkomu t.d. Umhverfisstofnunar eða Náttúrufræðistofnunar Íslands þó gert sé ráð fyrir aðkomu umhverfisráðuneytisins. Fiskeldi getur haft áhrif á marga þætti í umhverfinu þ.m.t. ýmiskonar vistkerfi og er rétt í því sambandi að benda á að Umhverfisstofnun fer með framkvæmd laga um náttúruvernd og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Lög um náttúruvernd fjalla t.d. um dreifingu framandi lífvera sbr. 41. gr. þeirra laga og friðlýst svæði liggja bæði að ströndum og ná yfir ýmis vatnakerfi og getur áhrifa fiskeldis gætt innan þeirra. Umhverfisstofnun leggur því til að hún sé umsagnaraðil til jafns við aðrar þær stofnanir sem nefndar eru í frumvarpinu.
- **6. gr. Staðbundið bann við starfsemi:** Í greininni segir m.a.: *Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra getur, að fenginni umsögn Fiskistofnu, Matvælastofnunar, Veiðimálastofnunar og Hafrannsóknastofnunarinnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.*

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Í greininni kemur fram að við ákvörðun skal taka mið af því að markmið laganna er að vernda villta nytjastofna. Að mati Umhverfisstofnunar er það sjónarmið sem kemur fram í greininni of þröngt. Þetta kemur m.a. fram í því að einungis skal leita eftir umsögn þeirra stofnana sem heyra undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið. Með sömu rökum og koma fram í umsögn um 5. gr. hér að ofan leggur Umhverfisstofnun mikla áherslu á að leitað sé eftir sjónarmiðum þeirra stofnana sem fara með almenna náttúru- og umhverfisvernd eða hafa þekkingu á öðrum vistfræðilegum aðstæðum en þær stofnanir sem nefndar eru. Umhverfisstofnun leggur því til að leita eigi bæði umsagnar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands en báðar þessar stofnanir hafa þá skyldu að meta verndargildi náttúru Íslands.

- **10. gr. Efni og útgáfa rekstrarleyfis.** 4. mgr. 10 gr. hljóðar svo: *Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.* Umhverfisstofnun leggur til með sömu rökum og hér að framan að 4. mgr. verði svohljóðandi: **Við útgáfu rekstrarleyfis skal þess ávallt gætt að fullnægt sé ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum, laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um náttúruvernd.** Að auki bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að í reglugerð um rekstrarleyfi sé þess gætt að fullt tillit sé tekið til þátta sem heyra undir lög um hollustuhætti og mengunarvarnir þannig að ekki verði um tvíverknað að ræða.

Virðingarfyllst


Kristín Linda Árnadóttir
Förstjóri


Trausti Baldursson